



Akurskóli
Skólanámskrá
2019 – 2020



II. hluti
Nám og kennsla
10. bekkur

Umsjónarkennarar
Fannar Sigurpálsson
Rannveig K. Richter

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR	3
LYKILHÆFNI Í 10. BEKK	3
ÍSLENSKA	3
Talað mál og framsögn	4
Lestur og bókmenntir	4
Ritun	4
Málfræði	4
STÆRÐFRÆÐI	6
Að geta spurt og svarað með stærðfræði:	6
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræði:	7
Vinnubrögð og beiting stærðfræði:	7
Algebra:	7
Rúmfræði og mælingar:	8
Tölfræði og líkindi:	8
ERLEND TUNGUMÁL	9
Enska	9
Danska	12
NÁTTÚRUGREINAR	14
Geta til aðgerða	14
Nýsköpun og hagnýting þekkingar	15
Gildi og hlutverk vísinda og tækni	15
Vinnubrögð og færni	15
Ábyrgð á umhverfinu	15
Að búa á jörðinni	16
Lífsskilyrði manna	16
Náttúra Íslands	16
Heilbrigði umhverfisins	16
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu	16
SAMFÉLAGSGREINAR	17
Reynsluheimur	17
Hugarheimur	18
Félagsheimur	19
SKÓLAÍPRÓTTIR	20
Íþróttir	20
Sund	21
VINNUSTUNDIR	22
NÁMSMAT Í 10. BEKK	23

Bakgrunnsupplýsingar

Í 10. bekk eru 46 nemendur, 32 stúlkur og 14 drengir. Alls fá nemendur 31 kennslustund á viku í kjarnagreinum og velja síðan a.m.k. sex stundir í valgreinum. Umsjónarkennarar í 10. bekk eru Fannar Sigurpálsson og Rannveig K. Richter.

Aðrir kennarar eru:

- Rannveig K. Richter, Heiða Árnadóttir og Aðalheiður Hanna Björnsdóttir, stærðfræði
- Bryndís Garðarsdóttir, Kristín Þóra Möller og Guðrún Gunnarsdóttir, íslenska
- Þórunn Kristjánsdóttir, samfélagsfræði
- Aðalheiður Hanna Björnsdóttir, náttúrufræði
- Fannar Sigurpálsson og Kristín Þóra Möller, enska
- Dóra Hanna Sigmarsdóttir og Þorbjörg Guðmundsdóttir, danska
- Jóhanna Ingvarsdóttir og Freyr Brynjarsson, sund
- Ríkharð Bjarni Snorrason og Hildur María Helgadóttir, íþróttir

Lykilhæfni í 10. bekk

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans.

Lykilhæfnin skiptist í fimm þætti sem lagðir eru til í Aðalnámskrá. Allir þættirnir fimm eru jafn mikilvægir en farið er misjafnlega djúpt í þá eftir aldri nemenda.

1. Tjáning og miðlun. Hlustar á aðra. Tjáir skoðanir sínar skilmerkilega. Færir rök fyrir máli sínu.

2. Skapandi og gagnrýnin hugsun. Sýnir frumkvæði. Beitir gagnrýnni hugsun við vinnu og lausn verkefna. Er skapandi við vinnu og lausn verkefna.

3. Sjálfstæði og samvinna. Leitar sjálfstæðra lausna í vinnu sinni. Sýnir kurteisi og jákvæðni í samskiptum. Leggur sitt af mörkum í samstarfi. Fylgir fyrirmælum.

4. Nýting miðla og upplýsinga. Nýtir mismunandi miðla til upplýsingaöflunar. Vinnur vel og á gagnrýnninn hátt úr upplýsingum og miðlar þeim.

5. Ábyrgð og mat á eigin námi. Setur sér markmið í námi. Metur stöðu sína raunhæft í námi. Nýtir tíma sinn vel.

Íslenska

Kennarar

Bryndís Garðarsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir og Kristín Þóra Möller.

Kennslustundafjöldi á viku

6 kennslustundir á viku.

Markmið

Að nemendur:

- nái góðu valdi á frumpáttum móðurmáls, töluðu máli, hlustun, lestri og ritun
- rækti með sér virðingu fyrir málinu og geti tjáð skoðanir sínar á góðri íslensku

Hæfniviðmið:

Talað mál og framsögn

Að því skal stefnt að nemendur geti:

- nýtt aðferðir sem þeir hafa lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar,
- hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.

Lestur og bókmenntir

Að því skal stefnt að nemendur geti:

- lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta,
- beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannist við myndmál, algengustu tákni og stílbrögð,
- notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum,
- leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnagrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem, fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess,
- unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér.

Ritun

Að því skal stefnt að nemendur geti:

- skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær,
- beitt reglum um rétttritun, náð góðu valdi á stafsetningu og gera sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda,
- notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um,
- skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gert sér grein fyrir lesanda og miðað samningu við hann.

Málfræði

Að því skal stefnt að nemendur geti:

- beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess,

- áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra,
- gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Átti sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekki til helstu framburðarmállýskna,
- áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífelld, áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap,
- gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og geta nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.

Kennsluefni/kennslugögn

- *Logar* (texta- og verkefnabók í íslensku)
- „*Mér er í mun...*“ *Bókmenntir fyrir eftir bekkji grunnskóla og Trunt, trunt og tröllin*
- *Gísla saga Súrssonar* (Íslendingasaga, skólabókarútgáfa) og Englar alheimsins (skáldsaga eftir Einar Má Guðmundsson)
- *Málfinnur* og *Skriffinnur* (handbækur) og ýmis verkefni frá kennara
- Málið í mark og önnur smáforrit og verkefni á veraldarvefnum

Kennsluhættir

Áhersla er lögð á fjölbreytta kennsluhætti þar sem stuðst er við ólíka texta. Nemendur vinna ýmist einir, í hópavinnu eða hringekju. Nemendur vinna verkefni úr námsefninu á tölvutæku formi (spjaldtölvum) þar sem við á. Nemendur þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og að koma vinnu sinni á framfæri í orði og riti. Kennst verður samkvæmt menntastefnu aðalnámskrár þar sem fimm áður nefnd hæfniviðmið íslenskunnar eru samþætt. Leitast verður við að höfða til færniþátta nemenda til að laða fram það besta hjá hverjum og einum.

Námsmat

Námsmat er fjölbreytt og vinna nemendur ýmis verkefni. Nemendur taka reglulega próf í málfræði og stafsetningu og skila a.m.k. einni stórrí ritgerð út frá bókmenntum. Heimavinna er sett fyrir eftir þörfum en heimalestur fimm sinnum í viku er skylda. Hver og einn þarf að bera ábyrgð á sínu námi með hvatningu kennara og annarra. Leskraði er kannaður tvisvar á önn.

Eftirfarandi eru viðmið í raddlestri við lok 10. bekkjar:

10. bekkur	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
	145 orð á mínútu	180 orð á mínútu	210 orð á mínútu

Stærðfræði

Kennarar

Aðalheiður Hanna Björnsdóttir, Heiða Björg Árnadóttir, Íris Lind Björnsdóttir og Rannveig K. Richter Randversd.

Kennslustundafjöldi á viku

6 kennslustundir á viku.

Markmið

Í stærðfræðinámi í Akurskóla eiga nemendur að fá tækifæri til að þroskast og dafna sem hugsandi einstaklingar og öðlast hæfni til þess að nota stærðfræði sem verkfæri í fjölbreyttum tilgangi bæði í námi sem og í sínu daglega lífi. Með fagmennsku, gleði og jákvæðni er stefnt að öflugri stærðfræðikennslu við góðar aðstæður.

Stuðst verður við markmið stærðfræðikennslu úr aðalnámskrá grunnskóla í stærðfræði 2013 þar sem fram kemur að nemendur þurfi að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður. Lögð er áhersla á að hæfni í stærðfræði felst í að hafa ljósan skilning á stærðfræði, geta spurt og svarað með aðstoð stærðfræðinnar og notað tungumál og verkfæri hennar. Hæfniviðmið í stærðfræði eru sett fram í sjö flokkum: 1) að geta spurt og svarað með stærðfræði, 2) að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar, 3) vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, 4) tölur og reikningur, 5) algebra, 6) rúmfræði og mælingar og 7) tölfræði og líkindi. Í fyrstu þremur flokkunum eru atriði sem eru stöðugt í þjálfun. Í síðustu fjórum flokkunum eru atriði sem eru metin til einkunnar. Í fyrstu þremur flokkunum eru atriði sem eru stöðugt í þjálfun. Í síðustu fjórum flokkunum eru atriði sem eru metin til vitnisburðar. Áhersla verður lögð á að stærðfræðinámi sé samfelld heild þar sem tengsl eru milli viðmiða og eðlilegur stígandi er í náminu.

Hæfniviðmið

Að geta spurt og svarað með stærðfræði:

Að nemendur geti:

- Greint á milli skilgreininga og setninga, milli einstakra tilvika og alhæfinga. Getur nýtt þá þekkingu til að kanna og ræða um stærðfræðileg hugtök, um tilgang og takmörk þeirra.
- Fundið, sett fram og afmarkað stærðfræðiþrautir bæði í tengslum við daglegt líf og viðfangsefni stærðfræðinnar. Lagt mat á lausnirnar m.a. með það að markmiði að alhæfa út frá þeim.
- Sett upp, túlkað og gagnrýnt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér reikning, teikningar, myndrit, jöfnur og föll.

- Fundið rök fyrir og rætt um fullyrðingar um stærðfræði, skilið og metið röksemdir sem settar eru fram af öðrum og unnið með einfaldar sannanir.

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræði:

Að nemendur geti:

- Sett fram og notað mismunandi framsetningu sama fyrirbæris, hvort sem um er að ræða hlutbundna, myndræna, munnlega eða algebrulega framsetningu eða með töflu og grafi.
- Lesið úr táknmáli stærðfræðinnar, notað það á merkingarbæran hátt, t.d. þýtt af daglegu máli yfir á táknmál stærðfræðinnar og skilið þær leikreglur sem gilda um meðferð þess.
- Tjáð sig um stærðfræðileg efni munnlega, skriflega og myndrænt, af nákvæmni og túlkað framsetningu annarra á stærðfræðilegu efni.
- Valið og notað margvísleg verkfæri, þar með talin tölvutækni, gert sér grein fyrir möguleikum þeirra og takmörkunum, notað þau markvisst til að rannsaka stærðfræðileg efni og sett fram niðurstöður sínar.

Vinnubrögð og beiting stærðfræði:

Að nemendur geti:

- Tekið þátt í að þróa skipulega fjölbreyttar lausnaleiðir, m.a. með notkun upplýsingatækni.
- Rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt með það að markmiði að alhæfa um stærðfræðileg efni.
- Undirbúið og flutt munnlegar kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði, m.a. með því að nota upplýsingatækni.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna og gefið öðrum viðbrögð, m.a. með því að spyrja markvisst.
- Tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga og meta þær, finna lausnir, m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsins.
- Nýtt möguleika stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum og líkt eftir raunverulegum fyrirbrigðum, m.a. með notkun tölvutækni og gert sér grein fyrir hvenær slíkt er gagnlegt og við hæfi.
- Lesið stærðfræðilegan texta, skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar.

Algebra:

Að nemendur geti:

- Getur leyst fyrsta stigs ójöfnur.
- Getur þáttað annars stigs stæður og notað ferningsreglurnar í báðar áttir.
- Getur þáttað annars stigs stæður og notað ferningsreglurnar í báðar áttir.
- Getur borið kennsl á annars stigs föll og þeirra eiginleika.
- Getur teiknað fleygboga út frá fallstæðu.
- Getur fundið annars stigs fall þegar grafið er þekkt.
- Getur lýst hliðrun annars stigs falls.
- Getur séð hvort að stærðir standa í öfugu hlutfalli hvor við aðra og sett fram öfugt hlutfall á mismunandi vegu.
- Getur fundið markgildi falla.

- Getur leyst flóknar jöfnur.
- Getur þáttað og einfaldað flóknar algebrustæður.

Rúmfræði og mælingar:

Að nemendur geti:

- Getur fundið mælikvarða sem hlutfall milli eftirmyndar og frummyndar auk þess að nota mælikvarða í reikningi.
- Þekkir reglu Pýþagórasar og getur notað regluna í reikningi.
- Þekkir gullinsnið og getur lýst því hvað það er.
- Þekkir mikilvæga eiginleika þríhyrninga.
- Getur reiknað út lengd hliða í einslaga myndum.
- Getur fært rök fyrir hvers vegna form eru einslaga.
- Getur reiknað út lengd hliða í sérstökum þríhyrningum.

Tölfræði og líkindi:

Að nemendur geti:

- Getur fundið líkur með tilraunum.
- Getur framkvæmt einfalda hermitilraun.
- Getur reiknað út líkur á fleiri ein einum atburði samtímis.
- Veit hvað andstæður atburður er og getur notað hann í reikningi á líkum.

Kennsluefni

- Skali 3A og 3B
- Almenn stærðfræði III
- Ítarefni sem fylgja Skala bókunum
- Stærðfræðiforrit af vef Námsgagnastofnunar
- Þrautir, ljósrit og önnur verkefni.
- Myndbönd frá Gauta Eiríkssyni og fleirum af youtube.com.
- Stærðfræðismáforrit og efni í spjaldtölvu.

Kennsluhættir

Lögð er áhersla á að nemendur þjálfri með sér leikni í að takast á við viðfangsefni þar sem lausn liggur ekki í augum uppi. Nemendur verða alltaf að reyna áður en þeir biðja um aðstoð. Nemendur eiga að sýna kennara úrlausnir sínar þrátt fyrir að niðurstaða sé röng. Leiðin að niðurstöðu dæma og þrauta er það sem hjálpar kennara við að leysa vanda nemenda og leiðréttu eða bæta við þekkingu sem hann hefur nú þegar.

Innlagnir munu að einhverju leyti fara fram í formi speglaðrar kennslu. Hvatt er til samvinnu og áhersla er lögð á að nemendur sýni aðgerðir, vandi frágang og vinni skipulega.

Heimavinna er sett fyrir reglulega. Hver og einn þarf að bera ábyrgð á sínu námi með hvatningu kennara og annarra.

Erlend tungumál

Enska

Kennarar

Fannar Sigurpálsson og Kristín Þóra Möller

Kennslustundafjöldi á viku

4 kennslustundir á viku.

Markmið:

Í aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 eru hæfniviðmið fyrir erlend tungumál sett upp í þremur stigum, 1. stig, 2. stig og 3. stig. Við lok grunnskóla eiga nemendur að hafa tileinkað sér hæfni sem samsvarar 3. stigi. Hæfniviðmiðin skiptast í sjö þætti; hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarlausni og námshæfni.

Hæfniviðmið:

Hlustun

Við lok grunnskóla (3. stigs) getur nemandi:

- fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg,
- tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt,
- án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr,
- hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.

Lesskilningur

Við lok grunnskóla (3. stigs) getur nemandi:

- lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum,
- aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu,
- lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt,
- lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.

Samskipti

Við lok grunnskóla (3. stigs) getur nemandi:

- sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteis- og samskiptavenjum, hikorðum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorða,
- tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í,
- tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á mótí upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum,
- tekið þátt í skoðanaskiptum, færð einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.

Frásögn

Við lok grunnskóla (3. stigs) getur nemandi:

- tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval,
- tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum,
- flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi,
- samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Ritun

Við lok grunnskóla (3. stigs) getur nemandi:

- skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi,
- skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum,
- skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við,
- tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu,
- leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín.

Menningarlæsi

Við lok grunnskóla (3. stigs) getur nemandi:

- sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum,
- sýnt fram á að hann þekki nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni,
- sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma,
- getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska.

Námshæfni

Við lok grunnskóla (3. stigs) getur nemandi:

- sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu,
- beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða,
- beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf,
- nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi,
- unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja,
- nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.

Námsefni:

- Verkefni frá kennara byggð á hæfniviðmiðum aðalnámskrár
- Spotlight 10 (málfræði og ítarefni)
- Ýmis myndbönd, tónlist og fréttæfni tengd efni kennslunnar.
- Kjörbókarverkefni (nemendur velja sér kjörbók við hæfi)

Kennslutilhögun:

Unnið verður markvisst að því að efla og meta þá hæfni sem aðalnámskrá leggur til að nemendur tileinki sér. Lögð verða fyrir verkefni sem nemendur leysa, einstaklingslega og/eða í hópa- og paravinnu, sem miða að því veita nemendum alhliða hæfni í ensku.

Í hverri viku finna nemendur frétt sem þau skrifa 3-6 setningar um og flytja frétt að lágmarki 6 sinnum á hvorri önn fyrir bekkinn. Önnur heimavinna er sett fyrir reglulega og þarf hver og einn þarf að bera ábyrgð á sínu námi með hvatningu kennara og annarra.

Nemendur velja sér kjörbók og gera áætlun að verkefnaskilum.

Námsmat á haustönn 2016	Námsmat vorönn 2017
Menningarverkefni-kynning	Kjörbókarverkefni
Munnlegt próf	Málfræðipróf - Spotlight 10
Myndasaga úr kjörbók	Stuttmynd og handrit
Málfræðipróf úr Spotlight 10	Umræður
Kvikmyndaverkefni	
Frétt og framsögn	

Danska

Kennari

Dóra Hanna Sigmarsdóttir og Þorbjörg Guðmundsdóttir

Kennslustundafjöldi á viku

Þrjár kennslustundir á viku.

Markmið/matsviðmið:

Í aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 eru hæfniviðmið fyrir erlend tungumál sett upp í þremur stigum, 1. stig, 2. stig og 3. stig. Við lok grunnskóla eiga nemendur að hafa tileinkað sér hæfni sem samsvarar 3. stigi. En þar sem nemendur byrja mun seinna í dönsku en ensku og er úthlutað færri tímum í stundatöflu, þá er raunhæfara að miða við 2. stig við lok grunnskóla. Hæfniviðmiðin skiptast í sjö þætti; hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni.

Hæfniviðmið:

Hlustun

Við lok grunnskóla getur nemandi:

- fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg,
- tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt,
- hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.

Lesskilningur

Við lok grunnskóla getur nemandi:

- lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölbreyttum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum,
- lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt,
- lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.

Samskipti

Við lok grunnskóla getur nemandi:

- sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteisi- og samskiptavenjum, hikorðum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorða,
- tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.

Frásögn

Við lok grunnskóla getur nemandi:

- tjáð sig skiljanlega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval,
- tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum,
- flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi,
- samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Ritun

Við lok grunnskóla getur nemandi:

- skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tók á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi,
- tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.

Menningarläsi

Við lok grunnskóla getur nemandi:

- sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni,
- getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska.

Námshæfni

Við lok grunnskóla getur nemandi:

- sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu,
- unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja,
- nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. itarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.

Kennslufni/kennslugögn:

- TAK, les- og vinnubók
- Grammatik
- Orðabækur
- Veraldarvefur (dansk sjónvarpsefni, dönsk dægurmenning og annað efni)
- Önnur verkefni og smáforrit fyrir spjaldtölvur

Kennsluhættir:

Unnið verður að því að efla og meta þá hæfni sem aðalnámskrá leggur til að nemendur tileinki sér í dönsku. Lögð verða fyrir verkefni sem nemendur leysa, einstaklings- og hópverkefni sem miða að því styrkja nemendur í dönsku. Nokkur áhersla verður lögð á lesskilning, hlustunar- og munnlegar æfingar. Nemendur vinna með ritun og málfræði. Einnig munu nemendur horfa á kvikmyndir, myndbönd, danska sjónvarpsþætti, hlusta á dægurtónlist og lesa fréttæfni líðandi stundar og vinna úr þeim ýmis verkefni. Heimavinna er í samráði við kennara. Hver og einn þarf að bera ábyrgð á sínu námi með hvatningu kennara og annarra. Námsmatið er fjölbreytt og nemendur vinna ýmis verkefni sem og að taka próf.

Námsmat:

Námsmat á haustönn 2019	Námsmat vorönn 2020
Menningarverkefni Frétt/texti og framsögn Hlustunarpróf Munnlegt próf Orðaforði	Málfræðipróf – Grammatik Hlustunarpróf Stuttmynd– framsagnarverkefni Ferðaverkefni - paraverkefni Orðaforði

Náttúrugreinar

Kennari

Aðalheiður Hanna Björnsdóttir

Kennslustundafjöldi á viku

3 kennslustundir á viku

Hæfniviðmið um verklag

Geta til aðgerða

Að nemandi geti:

- greint hvernig þættir eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfi samfélagsins hafa áhrif á hvaða lausn viðfangsefna er valin hverju sinni.
- greint stöðu mála í eigin umhverfi og aðdraganda þess, í framhaldi skipulagt þátttöku í aðgerðum sem fela í sér úrbætur.
- tekið þátt í og útskýrt reynslu sína og niðurstöðu af þátttöku í aðgerðum sem varða náttúru og samfélag.
- tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur um hvernig megi bregðast við breytingum en um leið tekið mið af því að í framtíðinni er margt óvísst og flókið.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

Að nemandi geti:

- gert grein fyrir hvernig niðurstöður rannsókna hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf í nánasta umhverfi og samfélagi og hvernig þær hafa ekki haft áhrif.
- tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.
- dregið upp mynd af því hvernig menntun, þjálfun, starfsval og áætlanir um eigið líf tengjast breytingum á umhverfi og tækni.

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Að nemandi geti:

- metið gildi þess að upplýsingum um vísinda- og tækniþróun sé miðlað á skýran hátt.
- beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingsstigsins.
- skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmýnd mannsins og náttúran hafa áhrif hvert á annað.
- unnið með samþætt viðfangsefni með vinnubrögðum náttúrugreina og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum náttúru, umhverfi, samfélagi og tækni.

Vinnubrögð og færni

Að nemandi geti:

- framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni.
- lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.
- aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum.
- beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda.
- gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum.
- kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, netið og aðrar upplýsingaveitur.
- dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn.

Ábyrgð á umhverfinu

Að nemandi geti:

- tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, sýnt umhverfinu umhyggju og rökrætt eigin skoðun á því.
- skoðað og skráð atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis, í framhaldi tekið virkan þátt í gagnrýnni umfjöllun um málið og gert tillögur um aðgerðir til bóta.
- sýnt fram á getu til að vinna að umbótum í eigin sveitarfélagi eða í frjálsum félagasamtökum.
- rætt af skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélags og tekið dæmi úr eigin lífi.

- tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og rætt um markmið til umbóta.

Hæfniviðmið um viðfangsefni

Að búa á jörðinni

Að nemandi geti:

- skipulagt, framkvæmt og gert grein fyrir athugunum á námsþáttum að eigin vali er varða búsetu mannsins á jörðinni.
- útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar.
- útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu.
- útskýrt árstíðabundið veðurlag og loftlagsbreytingar, ástæður og afleiðingar.
- gert grein fyrir stöðu jarðar í himingeimnum og áhrifum hennar á líf á jörðu.

Lífsskilyrði manna

Að nemandi geti:

- útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun.
- rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó.
- lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillífun og bruna og gildi þeirra.

Náttúra Íslands

Að nemandi geti:

- útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika, ein- og fjölfrumunga, að erfðir ráðast af genum og hvernig íslenskar lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu.
- útskýrt þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum.
- útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika.
- lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku á Íslandi.
- tekið dæmi af og útskýrt forvarnir, sem eru skipulagðar vegna náttúruhamfara.

Heilbrigði umhverfisins

Að nemandi geti:

- gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun.
- rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna.
- sagt fyrir um þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita.
- nýtt frumeindakennninguna og lotukerfið til að útskýra eiginleika efna, efnabreytingar og hamskipti.

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

Að nemandi geti:

- fjallað á gagnrýninn hátt um aukaefni í mat og aðferði til að auka geymsluþol matvæla.
- útskýrt forsendur vistvænnar hönnunar.

- skýrt tengsl mannfjöldaþróunar við framleiðslu og dreifingu matvæla og þátt líftækninnar í þeim tengslum.

Kennsluefni/kennslugögn

Maður og náttúra, Efnisheimurinn, valdir kaflar úr Eðlisfræði 3 og efni frá kennara.

Kennsluhættir

Efnistöð í 10. bekk eru ljósttillifun, bruni, umhverfið, mengun, erfðir, þróun lífsins, efnafræði, lotukerfið og sólkerfið. Farið er yfir efnið í tímum og vísað í bækur, glærur, myndbönd og annað efni til stuðnings. Lögð verða fyrir verkefni sem nemendur leysa, einstaklingslega, í para- eða hópavinnu. Þannig verður unnið markvisst að því að efla og meta þá hæfni sem aðalnámskrá leggur til að nemendur tileinki sér, bæði viðfangsefni og verklag. Heimavinna er sett fyrir reglulega. Kennarar í náttúrufræði og samfélagsfræði reyna eftir bestu getu að samþætta námsgreinar þegar við á.

Samfélagsgreinar

Kennari

Pórunn Kristjánsdóttir

Kennslustundafjöldi á viku

3 kennslustundir

Reynsluheimur

Umhverfi, samfélag og saga, menning: Hæfni nemandans til að skilja veruleikann.

Að nemandi geti:

- Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlægs lífs.
- Fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars.
- Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.
- Greint mynstur mannglegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum.
- Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.
- Gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta.
- Útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga.
- Rætt og borið saman ólík trúar og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt.
- Gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.
- Útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnsmál, atvinnulíf og hugmyndastefnur.

- Bent á, fyrirbyggt og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysgildrum í umhverfinu og náttúrunni.
- Ígrundað víxlverkun samfélags, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar.
- Sýnt fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf.
- Fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður.
- Gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun.
- Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.
- Greint afmarkaða efnisþætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar.
- Fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.
- Greint áhrif Biblíunnar og helgiritanna annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélög.
- Útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis.
- Greint hvernig stjórn mála og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga.
- Sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.
- Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.
- Útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði.
- Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.
- Séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfisþáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagsþróun og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum.
- Útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.
- Sýnt fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákni kristni og annarra helstu trúarbragða heims.
- Útskýrt trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum.
- Útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn.
- Tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði.

Hugarheimur

Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum. Að nemandi geti:

- Hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórn mála og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum.
- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.
- Sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.
- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.
- Rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.
- Vegið og metið áhrif fyrirmýnda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.

- Greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða.
- Sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga.
- Beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd.
- Lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess.

Félagsheimur

Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

Að nemandi geti:

- Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.
- Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.
- Útskýrt gildi regna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.
- Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum.
- Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.
- Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannaheill.
- Vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttisýnan hátt.
- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- Ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleyfis.
- Sinnt velferð og hag samferðafólks síns.

Efnistöð í 10.bekk eru að mestu sjálfsmyndin, réttindi og skyldur, hvernig er að vera einstaklingur í samfélagi og hvað mætir ungmenninu þegar grunnskólanum sleppir og hvað framundan er í lífinu.

Einnig er fjallað um stjórnarfar á Íslandi, siðferðisleg álitamál og margt annað. Stuðst er að miklu leyti við bókina *Á ferð um samfélagið* eftir Garðar Gíslason auk myndefnis af vefnum og ítarefni frá kennara. Kennari nýtir kennslustundir einnig til að fræða nemendur um þau málefni sem eru að eiga sér stað á líðandi stundu í samfélaginu. Miðað er við að nemandi hafi á unglingsstigi snert á flestum hæfniviðmiðum 8.-10. bekkjar.

Skólaíþróttir

Íþróttir

Kennarar

Ríkharð Bjarni Snorrason og Hildur María Helgadóttir.

Kennslustundafjöldi á viku

2 kennslustundir á viku.

Hæfniviðmið

Að nemendur geti:

- gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol.
- Rökrætt kynheilbrigði, kyn- og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.
- Skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans.
- Útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast ýmsum íþróttum.
- Vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans.
- Sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt, gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa.
- Notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu.

Kennsluefni/kennslugögn

Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar leikfimiæfingar og leiki.

Nemendum er skylt að koma með leikfimiföt (stuttbuxur og stuttermabol). Æskilegt er að nemendur komi með handklæði í hvern tíma og fari í sturtu að honum loknum. Notuð eru stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

Námsmat

Metið er frumkvæði nemanda, hæfni þeirra til að nota þekkingu og leikni í tímum og beita gagnrýninni hugsun. Nemendur þurfa að sýna öðrum virðingu og góða framkomu. Nemendur þurfa að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Einnig er skoðað hæfni nemenda til að bera ábyrgð á sínu námi.

Námsmat kemur fram að hausti sem framvinda en að vori er einkunn í formi bókstafs.

Þau próf sem lögð eru fyrir nemendur eru eftirfarandi á haust- og vorönn:

Þol, styrkur og snerpa:

Þolpróf ,sippa, langstökk án atrennu og hanga.

Einnig gildir frumkvæði og framkoma, sjálfstæði og ábyrgð.

Við námsmat er notast við hæfniviðmið sem eru skilgreind hér að neðan:

Námsmat
Líkamsvitund, leikni og afkastageta <ul style="list-style-type: none">- nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu,- gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirt þol,- sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu,
Félagslegir þættir <ul style="list-style-type: none">- skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsgæta, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitsemi í tengslum
Heilsa og efling þekkingar <ul style="list-style-type: none">- sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt, gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa,
Öryggis- og skipulagsreglur <ul style="list-style-type: none">- tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum.

Sund

Kennarar

Jóhanna Ingvarsdóttir og Freyr Brynjarsson

Kennslustundafjöldi á viku

Ein kennslustund á viku.

Hæfniviðmið

Að nemendur

- upplifi sund sem skemmtilega og jákvæða líkamsrækt og fái æfingar við sitt hæfi
- hafi sundiðkun að leiðarljósi til að bæta almennt líkamshreysti og þrek
- sýnt leikni og synt viðstöðulaust í bringusundi, baksundi, skriðsundi, flugsundi og kafsundi auk þess að geta troðið marvaða.
- þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik, bæði í hóp og einstaklingsíþrótt
- útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast sundiðkun
- notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu
- geti tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum. Framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunaráhalda. Bjargað jafningja á björgunarsundi.

Markmið nemenda eru eftirfarandi yfir árið:

- geti synt 600 metra þolsund, viðstöðulaust.
- geti synt 50 metra bringusund, metið út frá tímatöku.
- geti synt 50 metra skriðsund, metið út frá tímatöku.
- geti synt 50 metra baksund, metið út frá tímatöku.
- geti bjargað dúkku af botni laugar og synt 25 metra björgunarsund.
- geti synt 12 metra kafsund.
- geti framkvæmt ýmis leysitök við björgun.
- geti framkvæmt og útskýrt endurlífgun.

Kennslufni/Kennslugögn

Sundgleraugu, núðlur, flár, blöðkur, kafhringir, mörk, flotkörfur, flotdýnur, prik og boltar. Einnig áhöld sem eru notuð við björgun úr vatni.

Kennsluhættir

Verkleg kennsla, sýnikennsla, einstaklingsvinna og hópavinna. Æfingar sem eiga að auka færni í öllum sundaðferðum ásamt því að auka styrk, þrek og þol nemenda. Mikil áhersla er lögð á björgun úr vatni.

Nemendur skulu mæta með sundföt, handklæði og sundgleraugu í hvern tíma.

Námsmat

Metið er frumkvæði nemanda, hæfni þeirra til að nota þekkingu og leikni í tímum og beita gagnrýninni hugsun. Nemendur þurfa að sýna öðrum virðingu og góða framkomu. Nemendur þurfa að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Einnig er skoðað hæfni nemenda til að bera ábyrgð á sínu námi. Námsmat kemur fram að hausti sem framvinda en að vori er einkunn í formi bókstafs.

Vinnustundir

Kennarar

Aðalheiður Hanna Björnsdóttir, Fannar Sigurpálsson, Haraldur Haraldsson, Heiða Björg Árnadóttir, Kristín Þóra Möller, Rannveig Kristín Richter og Þórunn Kristjánsdóttir.

Kennslustundafjöldi á viku

2 kennslustundir

Íslenska, stærðfræði, enska, danska, náttúrufræði og samfélagsfræði

Nemendum á unglíngastigi er boðið upp á tvær kennslustundir á viku þar sem þeir geta leitað sér aðstoðar við nám / heimanám í ofangreindum faggreinum. Þetta er gert til að auka frelsi nemenda og ábyrgð á eigin námi sem og að koma til móts við sérþarfir nemenda.

Þannig er stuðlað að eftirfarandi þáttum í lykilhæfni aðalnámskrá grunnskóla, að nemandi við lok 10. bekkjar geti:

- tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum

- gert sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt í námi og haft skýra sjálfsmýnd
- sett sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist
- skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skipulagt og endurskoðað með tilliti til mats á árangri

Kennsluhættir

Nemandi mætir í þá faggrein/stofu sem tilgreind hefur verið og sem nemandi vill vinna að. Kennarar skrá mætingu. Nemendur vinna í eigin efni og/eða fá efni frá kennara eftir þörfum.

Námsmat í 10. bekk

Námsmat í 10. bekk verður gefið í bókstöfunum A, B+, B, C+, C og D líkt og kveðið er á um í aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013. Bókstafirnir gefa til kynna hversu vel nemandi náð að tileinka sér tiltekna hæfni. Þar lýsir A framúrskarandi hæfni, B+ mjög góðri hæfni, B lýsir góðri hæfni, C+ lýsir nokkuð góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C. Nemandi mun hljóta bókstaf fyrir hvern þátt af hæfniviðmiðunum sem munu síðan vera dregnir saman og einn heildar bókstafur gefinn fyrir hvert fag. Nemendum og foreldrum er bent á að kynna sér hæfni- og matsviðmið á Mentor en þar er hægt að fylgjast með framvindu námsins.